

VESTURSVÆÐI

FRÉTTABRÉF, SUMAR 2014

Geldingahappur við það að blómstra í Varmárdal ©Snorri Baldursson

FYLG T ÚR HLADI

Markmið þessa fréttabréfs er að upplýsa um starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði, og vekja athygli á starfinu fram undan.

Vorið var óvenju gott og landið kom afar vel undan vetri en vegna snjóþyngsla á hálendinu var vegurinn upp í Eldgjá og að Lakagígum ekki opnaður fyrr en um miðjan júní og vegurinn upp í Nýjadal ekki fyrr en í júnílok.

Tíu stöðugildi landvarða verða á vestursvæði í sumar samanborið við sjö í fyrra. Aukningin skýrist annars vegar af því að þjóðgarðurinn hefur tekið yfir rekstur Skaftárstofu – upplýsingamiðstöðvar á Kirkjubæjarklaustri, með samningi við Skaftárhrepp, og hins vegar af því að bætt hefur verið í landvörslu að Fjallabaki.

Stefnt er að umtalsverðum framkvæmdum á afrétti Skaftártungumanna í sumar og haust. Lokið verður við áningaraðstöðu í Eldgjá og settur upp útsýnispallur við Ófærufoss. Þá fékkst fé úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að ráðast í gerð áningaraðstöðu við Langasjó. Á Tungnaáröræfum verður unnið að stikun vegslóða og að staðarmerkingum til að gera svæðið aðgengilegra fyrir ferðamenn. Þá verða sex hópar sjálfbóðaliða að störfum á vestursvæði eins og undanfarin ár við að lagfæra stíga og svæði sem orðið hafa fyrir átroðningi.

Á tímabilinu 10. júlí til 15 ágúst verður boðið upp á stuttar kvöldgöngur með landverði í Hólaskjóli, Blágiljum og Nýjadal þar sem gestir geta spjallað og fræðst um svæðin og náttúru þeirra. Lagt verður af stað í þessar göngur kl 20:00 frá viðkomandi tjaldsvæðum og miðað við að gangan taki innan við eina klukkustund. Við þjóðum íbúa Skaftárhrepps og Ásahrepps, sem og alla ferðamenn, velkomna að heimækja þjóðgarðinn í sumar.

Snorri Baldursson

þjóðgarðsvörður

BREYTT SKAFTÁRSTOFA – UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Vatnajökulsþjóðgarður og Skaftárhreppur hafa gert með sér samkomulag um að þjóðgarðurinn yfirtaki faglegan rekstur Skaftárstofu. Á móti hefur Skaftárhreppur lagt í umtalsverðar endurbætur á húsnæðinu. Skipt hefur verið um þak og gólfefni

í anddyri, gangi og litla-sal, auk þess sem rýmið hefur verið opnað til muna. Í haust og vetur er stefnt að því að taka eldhúsið rækilega í gegn og endurnýja sýninguna í húsinu í samstarfi við Vini Vatnajökuls. Umsjónarmaður Skaftárstofu er sem fyrr Auður Hafstað Ármansdóttir, en auk hennar starfa Þorbjörg Ása Jónsdóttir og Birna Júlíusdóttir, landverðir, við upplýsingamiðstöðina.



Úr endurbættri Skaftárstofu – upplýsingamiðstöð. Á myndinni má sjá Þorbjörgu Ásu Jónsdóttur (standandi) og Birnu Júlíusdóttur (sitjandi). ©Snorri Baldursson

LANDVARSLA OG FRÆÐSLA

Auk þriggja starfsmanna Skaftárstofu, starfa sjö landverðir á hálendisstöðvum vestursvæðis í sumar. Landverðir á sunnanverðum Sprengisandi, í Vonarskarði og Jökulheimum, með aðsetur í Nýjadal, verða Gunnar Gunnarsson og Stefanía Ragnarsdóttir. Landverðir við Langasjó, Eldgjá og Fjallabaksleið verða Margrét Eggertsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Hrönn Guðmundsdóttir, með aðsetur í Hólaskjóli. Landverðir í Lakagígum verða Katrín Pálmadóttir og Þórlaug Sveinsdóttir með aðsetur í Blágiljum. Afleysingum gegna Gunnar Njálsson og Unnur Jónsdóttir. Kári Kristjánsson verður sem fyrr bakhjarl landvarða og umsjónarmaður sjálfbóðaliðastarfs á hálendinu vestan Vatnajökuls.

Á háönn, tímabilinu 10.07 – 15.08, verður boðið upp á stuttar kvöldgöngur, svokallað kvöldrölt, í Nýjadal, Hólaskjóli og Blágiljum. Landvörður gengur um svæðið með gestum og spjallar við þá um náttúru þess og sögu. Kvöldrölt hefst kl 20:00 hvern dag að því tilskildu að einhver gestur sé mættur og stendur yfir í u.þ.b. 45 mín. Íbúar Skaftárhrepps og Ásahrepps og allir ferðamenn eru hvattir til að mæta á þessar samverustundir til að deila eigin reynslu og njóta fræðslu.

FRAMKVÆMDIR 2014

Eldgjá

Ekki tókst að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum í Eldgjá í fyrra sumar. Salerni sem kemur við hlið nýja viðveruhússins er í smíðum og verður sett niður um miðjan júlí. Þá eru hafnar framkvæmdir við smíði útsýnispalls þar sem göngustígurinn endar á stallinum undir efri hluta Ófærufoss. Pallinum er ætlað að bæta öryggi og aðgengi gesta að Ófærufossi og jafnframt að vernda viðkvæmt gróðurlendi í fossvammnum sem farið er að láta á sjá. Pallurinn er hannaður í samstarfi Landform landslagsarkitekta, Arkís arkitekta og

verkfræðistofuna Eflu en smíðaður af Valmundi Guðmundssyni, Eystra Hrauni ehf, og Víði Guðjónssyni, vélsmiðjunni Kofra.

Vinna við uppsetningu pallsins er þegar hafin. Þar sem pallinum verður fyrirkomið á afar óaðgengilegum stað eru framkvæmdaraðilar háðir efnisflutningum með þyrlu og hefur Landhelgisgæslan góðfúslega ákveðið að aðstoða við það verk. Fyrsta ferð Lífur, þyrlu Landhelgisgæslunnar, var helgina 21.-22. júní, þegar flutt var efni í undirstöður pallsins.



Framkvæmdir í Eldgjá. Líf, þyrla Landhelgisgæslunnar flytur efni í útsýnispall við Ófærufoss. ©Snorri Baldursson

Langsjór

Myndarlegur styrkur fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannaþaða til að byggja upp áningaraðstöðu fyrir ferðamenn við suðurenda Langasjávar. Aðstaðan samanstendur af salerni, af sama tagi og sett var upp við Fjaðrárgljúfur í vetur, og litlu viðveruhúsi og gestamóttöku í sama stíl. Umhverfis húsin verður trépollur sem skýlt er með grjóthleðslum. Áningaraðstaðan er hönnuð af Arkís arkitektum, en RR Tréverk sér um smíði hennar og uppsetningu. Stefnt er að því að ljúka þessari framkvæmd í haust.



Þrívíddarútlit B




Þrívíddarútlit A



Norður



Suður



Grunnmynd, 1. hæð



Austur



Vestur

Aðrar framkvæmdir

Í vor og sumar verður unnið áfram að því að merkja leiðir og staði á Tungnaáröræfum. Stíkaður hefur verið áhugaverður hringur fyrir ferðamenn með viðkomu í gígnum Mána, Heljargjá og klettadranginum Dór. Þessi leið er fær óbreyttum jeppum. Fimm hópar sjálfbóðaliða verða að störfum á vestursvæði í sumar við að lagfæra göngustíga, smíða tröppustíga og lagfæra gróðurskemmdir. Sjálfbóðaliðarnir koma einkum frá breskum samtökum, The Conservation Volunteers, sem hafa komið hingað til lands mörg undanfarin ár og áratugi og unnið gríðarlega mikilvægt starf á náttúruverndarsvæðum landsins.



Sauðamergur í Eldgjárhrauni
©Snorri Baldursson